

Reglugerð um keppnisleyfi SKÍ

1. Skíðasamband Íslands gefur út keppnisleyfi fyrir alla keppendur 12 ára og eldri. Handhafar keppnisleyfa SKÍ hafa rétt til þátttöku á bikarmótum SKÍ, Unglingameistaramóti og Skíðamóti Íslands.
2. Innifalið í keppnisleyfinu er:
 - a. keppnisleyfi
 - b. skráning árangurs á árangurslista SKÍNöfn þeirra sem hafa keppnisleyfi eru birt á grunnlista SKÍ sem gefinn er út um hver áramót, auk heimilisfangs, kennitölu, SKÍ-númers, héraðs og keppnisgreina.
3. Grunnlisti sendist aðildarfélögum SKÍ fyrir 1. september. Aðildarfélög skili leiðréttum lista á formannafundi og greiði keppnisleyfi skv. gjaldskrá SKÍ fyrir alla sem eru á listanum. Nýjar umsóknir um keppnisleyfi skulu berast SKÍ á þar til gerðum eyðublöðum. Að öðrum kosti verða umsóknirnar ekki teknar gildar. Aðeins þeir sem sækja um keppnisleyfi fyrir 1. desember komast á grunnlista SKÍ fyrir komandi vetur. Ef keppnisleyfi er ekki greitt dettur keppandinn út af listanum en verði keppnisleyfið greitt síðar fær hann punktana sína að viðbættum viðbótarstigum fyrir þau ár sem hann var fjarverandi.
4. Stjórn SKÍ er heimilt að veita keppnisleyfi eftir 1. desember samkvæmt gjaldskrá SKÍ.

Samþykkt á Skíðaþingi, maí 2015